

**Persónuverndarstefna Contour-forrithsins,
ENDURSK. 1.2**

Efnisyfirlit

Persónuverndarstefna Contour Diabetes-forritsins	4
Inngangur	4
Að nota Contour-forritið	4
Að stofna Contour Cloud-reikning.....	4
Stjórn á sykursýki	5
Veiting og söfnun persónuupplýsinga	5
Ástæður fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga	6
Markaðssetning	7
Deiling persónuupplýsinga	8
Að nota Contour-forritið til að senda skýrslur	8
Mín mynstur	9
Tengingar við forrit þriðju aðila.....	9
Varðveisla og flutningur persónuupplýsinga	9
Öryggi persónuupplýsinga	10
Vafrakökur og svipuð tækni	10
Notkun á vafrakökum	10
Svona notum við þessa tækni.....	11
Valkostir sem standa þér til boða.....	11
Ekki rekja.....	11

Gagnageymsla.....	11
Að eyða Contour Cloud-reikningi	11
Að nýta réttindi þín	12
Börn	13
Breytingar á persónuverndarstefnunni	14
Hafa samband	14

Persónuverndarstefna Contour Diabetes-forritsins

Gildistökudagur: apríl 2024, ENDURSK. 1.2

Inngangur

Við vitum að þér er annst um persónuupplýsingar þínar og hvernig þær eru notaðar og við viljum að þú getir treyst því að Ascensia noti persónuupplýsingar þínar af gætni. Þessi persónuverndarstefna hjálpar þér að skilja hvaða persónuupplýsingum við söfnum, hvers vegna og hvað við gerum við þær. Þessi persónuverndarstefna, ásamt notandaleyfissamningnum (EULA), á við um notkun þína á Contour Diabetes-forritinu.

Contour Diabetes-forritið er starfrækt af **Ascensia Diabetes Care Holdings AG** („Ascensia“, „við“ eða „okkur“), með höfuðstöðvar við Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Ascensia ber ábyrgð á persónuupplýsingunum sem unnið er úr í Contour Diabetes-forritinu.

Contour Diabetes-forritið er örugg skýjaþjónusta sem er hluti af vörulínu Ascensia Diabetes Care sem auðveldar einstaklingum með sykursýki að hafa stjórn á henni. Contour Diabetes-forritið virkar með Ascensia-blóðsykursmælum (snúrutengdum mælum), tækjum sem virka með Bluetooth (þráðlausum BLE-tengdum mælum) og öðrum vörum sem tekið er fram að virki með Contour Diabetes-forritinu.

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu, Bretlandi og Sviss: Ascensia reiðir sig á lagalegt samþykki fyrir úrvinnslu heilsutengdra upplýsinga í því skyni að veita þér aðgang að Contour Diabetes-forritinu og Contour Cloud-reikningnum. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að velja „Eyða reikningi“ í Contour-forritinu.

Vinsamlegast lesið persónuverndarstefnuna áður en stofnun Contour Cloud-reiknings er samþykkt.

Að nota Contour-forritið

Nauðsynlegt er að stofna Contour Cloud-reikning til að geta notað Contour-forritið. Þegar þú stofnar reikning verður þú beðin(n) um að velja land og tungumál svo við getum veitt þér rétta útgáfu af persónuverndarstefnunni og notandaleyfissamningnum. Þú verður einnig beðin(n) um að samþykkja ákvæði og skilmála sammingsins áður en þú getur notað Contour-forritið.

Að stofna Contour Cloud-reikning

Þegar þú hefur lokið skráningu fyrir Contour Cloud-reikningi verður öryggisafrit af persónuupplýsingunum vistað í skýinu. Þú getur nálgast gögn sem eru vistuð á Contour Cloud-reikningnum í mörgum tækjum, þ.m.t. blóðsykursmælingar. Þegar þú stofnar Contour Cloud-reikning gerir það Contour-mælinum sem þú parar við Contour-forritið kleift að samstillu upplýsingar og stillingar, s.s. marksvið.

Þegar þú stofnar Contour Cloud-reikning verður þú beðin(n) um að samþykkja úrvinnslu heilsutengdra upplýsinga eins og fram kemur í þessari persónuverndarstefnu. Þú getur afturkallað samþykki þitt hvenær sem er með því að eyða reikningnum þínum (sjá „Að eyða Contour Cloud-reikningi“ hér að neðan). Ekki stofna Contour Cloud-reikning ef þú vilt ekki að við vinnum úr heilsutengdum upplýsingum.

Stjórn á sykursýki

Contour-forritinu og Contour Cloud-þjónustu er ætlað að aðstoða þig við að hafa stjórn á sykursýkinni með því að samstillta og skrá blóðsykursmagn sjálfkrafa svo þú getir fylgst með því hvernig athafnir þínar hafa áhrif á blóðsykurinn. Contour-forritið og Contour Cloud-reikningurinn krefjast þráðlauss nets og/eða gagnatengingar til að samstillta og sækja upplýsingar um blóðsykursmagn í snjallsíma. Contour-forritið og Contour Cloud-þjónusta auðveldar þér að hafa stjórn á sykursýkinni en þjónustan kemur ekki í stað ráðlegginga læknis. Ascensia mælir með að þú leitir reglulega ráðlegginga hjá lækni varðandi sykursýkina. Ascensia veitir notendum ekki læknisfræðilegar ráðleggingar. Við mælum með að þú hafir samband við lækinn þinn eða næstu neyðarþjónustu ef þig grunar að um neyðartilvik sé að ræða. Starfsfólki þjónustuversins er ekki heimilt að veita læknisfræðilegar ráðleggingar varðandi efni, merkingu eða hugsanlegar afleiðingar blóðsykursmagns sem hlaðið er upp í Contour-forritið eða á Contour Cloud-reikninginn.

Veiting og söfnun persónuupplýsinga

Ascensia vinnur úr persónuupplýsingunum þínum þegar þú veitir þær með eftirfarandi hætti:

- **Skráningarupplýsingar Contour Cloud-reiknings og prófilupplýsingar:** Þegar þú stofnar Contour Cloud-reikning verða eftirfarandi upplýsingar vistaðar: nafn, kyn, netfang, fæðingardagur, land, sannvottunarupplýsingar og aðrar skráningarupplýsingar, þ.m.t. aðgangsorðið að Contour Cloud-reikningnum þínum. Ef notandi er undir lögaldri biðjum við um netfang foreldris/forráðamanns til sannvottunar. Hægt er að nota Contour-forritið til að skrá upplýsingar um stjórn á sykursýki, heilsufarsástand og tengda Contour-mælinn. Þetta kann að fela í sér upplýsingar á borð við tegund sykursýki, lyf, insúlín, máltíðir og reglubundna hreyfingu, heimilisfang sjúkrahúss og læknistíma, skýrslur frá heilbrigðisstarfsfólki, blóðsykursmælingar, A1c-gögn og tegundarnúmer, raðnúmer og stillingar mælis.
- **Aðgangur að kerfisþjónustu í fartæki:** Byggt á stýrikerfi fartækisins kann Contour-forritið að hafa sjálfgefinn aðgang að, eða þú verið beðin(n) um að veita aðgang að, ákveðinni kerfisþjónustu í tæki þínu, s.s. myndavél, myndum og lista yfir tengiliði. Aðgangur að þessari kerfisþjónustu gerir Contour-forritinu kleift að virka sem skyldi og leiðir ekki til þess að Ascensia hafi aðgang að, safni eða geymi neinar upplýsingar úr slíkri kerfisþjónustu. Þú getur stjórnað aðgangi Contour-forritsins að kerfisþjónustu í stillingum fartækisins / Contour-forritsins.
- **Neyðartengiliður:** Þú getur valið að skrá upplýsingar um neyðartengilið sem þú vilt að verði haft samband við í neyðartilviki. Upplýsingarnar um neyðartengilið eru aðeins vistaðar í snjallsímanum þínum og við söfnum þeim hvorki né vistum þær á Contour Cloud-reikningnum.
- **Þjónustuver:** Við skráum öll samskipti við þjónustuverið okkar ef þú hefur samband vegna Contour-forritsins, Contour Cloud-reikningsins eða af öðrum ástæðum sem tengjast þjónustu við viðskiptavini. Þú kannt að veita okkur persónuupplýsingar þegar þú fyllir út eyðublöð sem berast í tölvupósti þegar þú pantar vörur eða þjónustu, sendir inn fyrirspurnir eða beiðnir, tilkynnir vandamál varðandi Contour-forritið eða við svipaðar aðstæður þar sem þú velur að veita okkur upplýsingar.
- **Upplýsingar um tæki og notkun:** Þegar þú notar Contour-forritið fáum við sjálfkrafa aðgang að tæknilegum upplýsingum, þ.m.t. um gerð fartækisins sem þú notar, einkvæmt auðkenni (t.d. IMEI-númer, MAC-vistfang fyrir þráðlaust netviðmót eða farsímanúmer), upplýsingar um farsímakerfi, stýrikerfi og hugbúnaðarútgáfu, IP-tölu, tegund vefvafrans sem þú notar, land, tungumál og tímabelti. Við söfnum einnig upplýsingum um notkun þína í Contour-forritinu, t.d. mælisvillur, skráningarfærslur og lyfjagjöf svo við getum tryggt að Contour-forritið virki sem skyldi.
- **Vafrakökur og svipuð tækni:** Við notum hugsanlega vafrakökur og svipaða tækni til að safna upplýsingum um samskipti þín við ákveðna þjónustu sem er gerð aðgengileg í Contour-forritinu, sem og önnur vefsvæði og forrit. Sjá kaflann „Vafrakökur og svipuð tækni“ hér að neðan til að fá frekari upplýsingar um tæknina sem við notum, hvers vegna við notum hana og þá valkosti sem standa þér til boða.

- **Staðsetningarupplýsingar:** Ef þú samþykkir og kveikir á staðsetningarþjónustu við skráningu fyrir Contour-forritið söfnum við upplýsingum um nákvæma eða áætlaða staðsetningu þína út frá upplýsingum úr fartækinu þínu. Við biðjum um samþykki þitt fyrir þessari upplýsingasöfnun í skráningarferlinu fyrir forritið. Þú getur afturkallað samþykki þitt fyrir söfnun staðsetningarupplýsinga hvenær sem er með því að slökkva á staðsetningarþjónustunni í stillingum tækisins. Ef þú virkjar notkun staðsetningarupplýsinga í stillingum tækisins, en ekki í stillingum Contour-forritsins, er hugsanlegt að Ascensia safni upplýsingunum þrátt fyrir að þú sért ekki að nota Contour-forritið. Við notum þessar upplýsingar til að bæta vörur okkar og þjónustu, þ.m.t. til að greina útbreiðslu Ascensia-mæla. Ef þú ert undir lögaldri biðjum við um samþykki foreldris/forráðamanns fyrir söfnun staðsetningarupplýsinga, líkt og fram kemur í kaflanum „Börn“ hér að neðan.
- **iOS-notendur:** Þegar þú veitir Ascensia aðgang að heilsuforriti Apple Inc. („Apple“) í tæki þínu, þ.m.t. aðgang að „HealthKit“, gagnagrunni Apple-heilsuforritsins, deilum við persónuupplýsingunum og heilsugögnunum þínum, í þeim tilgangi að bæta og/eða staðfesta gögnin sem unnið er úr í Contour-forritinu. Magn persónuupplýsinga og heilsugagna sem er deilt er breytilegt eftir því hvað þú velur. Ascensia mun hvorki nota né birta þriðju aðilum notendagögn sem er safnað úr HealthKit í auglýsingaskyni, né í gagnasöfnunararskyni öðru en að bæta heilsu. Sjá kaflann „Tengingar við forrit þriðju aðila“ fyrir frekari upplýsingar.
- **Gervigreind:** Sem hluta af þjónustu okkar, og þar sem við á, kunnum við að nota gervigreind, svo sem vélnáma fyrir sjálfvirkar greiningar, meðal annars til að hjálpa þjónustuverinu að svara fyrirspurnum hraðar.

Ástæður fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum, þ.m.t. heilsutengdum upplýsingum, á eftirfarandi hátt:

- með þínu samþykki, í því skyni að veita þér aðgang að Contour-forritinu, tengdri þjónustu og eiginleikum og til að tilkynna þér um breytingar
 - til að gera þér kleift að senda skýrslur um blóðsykur, líkt og fram kemur í kaflanum „Að nota Contour-forritið til að senda skýrslur“ hér að neðan
 - til að tengjast öðrum forritum þegar það býðst, líkt og fram kemur í kaflanum „Tengingar við forrit þriðju aðila“ hér að neðan
 - til að fá upplýsingar um hvar Contour-forritið og mælar okkar eru notaðir til að bæta vörur okkar og þjónustu, þ.m.t. í tengslum við áætlun okkar um staðsetningu á mælum
 - til að veita þér upplýsingar um blóðsykursmælingarnar þínar til að hjálpa þér að skilja mynstur og þróun sykursýkinnar þannig að þú getir haft betri stjórn á henni, þ.e. tilkynningar um „Mín mynstur“ og tengda virkni og stillingar
 - til að gera þér kleift að taka þátt í gagnvirkum eiginleikum Contour-forritsins, þegar þú kýst að gera það
 - til að veita þér aðgang að skýjaþjónustu ef þú kýst að setja upp Contour Cloud-reikning
 - til að bregðast við öllum hugsanlegum beiðnum frá þér, t.d. beiðnum um aðstoð með Contour-forritið eða Contour Cloud-reikninginn
 - til að gera foreldrum eða forráðamönnum kleift að stofna Contour Cloud-reikning fyrir barn, sem og stjórna notkun þess á Contour Cloud-reikningnum.
- til að stuðla að lýðheilsu í tengslum við lækningatæki, framkvæma rannsóknir og í tölfraðilegum tilgangi í ljósi lögmætra viðskiptahagsmuna til að:
 - halda áfram að þróa, prófa og bæta Contour-forritið og Contour Cloud-þjónustu, þ.m.t. til að bjóða upp á nýja virkni og eiginleika
 - skilja betur hvernig þú notar Contour-forritið, þ.m.t. virkni þess og eiginleika, sem og að tryggja að innihald þess sé sett fram á sem skilvirkastan máta
 - auðvelda okkur að lagfæra vandamál sem koma upp í Contour-forritinu eða Contour Cloud-þjónustunni, þ.m.t. varðandi svör við fyrirspurnum, viðbrögð við beiðnum um aðstoð, viðhald, úrræðaleit eða önnur vandamál tengd notkun
 - framkvæma gagnagreiningu, prófanir og rannsóknir, þ.m.t. í tölfraðilegum tilgangi
 - þróa og innleiða öryggisverkfæri og ferla sem hluta af viðleitni okkar til að gæta að öryggi Contour-forritsins
 - senda öryggistilkynningar eða framkvæma aðgerðir til úrbóta á Contour-forritinu, mælum eða Contour Cloud-reikningnum þínum þegar þess er þörf.
- í ljósi lögmætra viðskiptahagsmuna í tengslum við beina markaðssetningu og, þegar nauðsyn krefur, samþykki fyrir að:

- bjóða þér að taka þátt í könnunum, viðhorfshópum eða öðrum kynningar- eða markaðstengdum aðgerðum í tengslum við notkun þína á Contour-forritinu, Contour Cloud-reikningnum eða vörum okkar og þjónustu, þ.m.t. í tengslum við valda þriðju aðila
- mæla og skilja árangur auglýsinga sem við kunnum að birta og til að birta viðeigandi auglýsingar
- veita tillögur að vörum eða þjónustu sem þú gætir haft áhuga á, þ.m.t. til að fá slíkar upplýsingar frá útibúi Ascensia á þínu svæði, líkt og fram kemur í kaflanum „Markaðssetning“ hér að neðan.
- Þar sem þess er krafist samkvæmt lögum, þ.m.t. lagalegum kröfum um öryggi lækningatækja.

Í ljósi almannahagsmuna á sviði lýðheilsu í tengslum við lækningatæki, til að framkvæma vísindalegar rannsóknir og/eða í ljósi lögmætra viðskiptahagsmuna okkar, kann Ascensia að nota, greina og senda tölfraðilegar, samanteknar, nafnlausar eða ópersónugreinanlegar upplýsingar (þ.e. upplýsingar sem Ascensia getur ekki rekið til þín og ekki er hægt að nota til að bera kennsl á þig) til: samstarfsaðila Ascensia á þínu svæði, utanaðkomandi rannsóknaraðila eða opinberra eða lögbærra yfirvalda sem hafa yfirumsjón með lækningatækjum og/eða landsyfirvöldum sem bera ábyrgð á endurgreiðslur eða styrkveitingar vegna sjúkrakostnaðar. Við gerum þetta til að:

- meta og bæta árangur aðferða, meðferða og kostnaðar við stjórnun á sykursýki,
- rannsaka og meta hvernig þjónusta Contour-forritsins og Contour Cloud-reikninga er veitt og notuð, þ.m.t. í tengslum við markaðsáætlanir,
- meta árangur, áhrif og reynslu notenda af Contour-forritinu og Contour Cloud-reikningum (þ.m.t. á grundvelli lýðfræðilegra upplýsinga frá notendum, t.d. landfræðilegum staðsetningum),
- meta árangur og viðmót Contour-forritsins við blóðsykursmælingar,
- bæta virkni og eiginleika Contour-forritsins og Contour Cloud-reikninga,
- prófa og sannvotta uppfærslur og úrbætur á Contour-forritinu, þ.m.t. í tengslum við lækningatæki okkar, t.d. blóðsykursmæla og -strimla,
- fyrir rekstrar- og viðskiptaáætlanir Ascensia til rannsókna og þróunar, dreifingar og skilvirkni viðskiptaáðgerða, og
- fyrir vísindalegar rannsóknir, í tölfraðilegum tilgangi og til greininga í tengslum við sykursýki, þ.m.t. til að birta vísindagreinar í lækisfræðilegum og/eða ritrýndum útgáfu- og tímaritum.

Í ljósi almannahagsmuna á sviði lýðheilsu í tengslum við lækningatæki, til að framkvæma vísindalegar rannsóknir og/eða í ljósi lögmætra viðskiptahagsmuna okkar, kann Ascensia einnig að safna og nota tæknilegar upplýsingar um snjallsímann þinn, fartæki og nettengdan eða þráðlausan hugbúnað, vélbúnað og jaðarbúnað, til að bæta vörur okkar og þjónustu og veita þér aðgang að ýmsum eiginleikum Contour-forritsins.

MEÐ ÞVÍ AÐ STOFNA CONTOUR CLOUD-REIKNING SAMÞYKKIRÐU ÚRVINNSLU VIÐKVÆMRA, HEILSUTENGDRÁ UPPLÝSINGA LÍKT OG FRAM KEMUR Í PERSÓNUVERNDARSTEFNUNNI.

Markaðssetning

Við gætum haft samband við þig til að upplýsa þig um vörur og þjónustu sem við teljum að þú hafir áhuga á eða eru svipaðar þeim sem þú hefur þegar keypt eða spurt um. Útibúi Ascensia á þínu svæði, dreifingaraðili Ascensia eða valinn samstarfsaðili okkar gæti einnig haft samband við þig ef þú hefur samþykkt að fá slík samskipti.

Þú getur hafnað því að fá markaðsefni frá okkur hvenær sem er með því að hafa samband við þjónustuver á <http://contact.ascensia.com> eða með því að smella á uppsagnartengilinn í einhverjum samskipta okkar.

Við höfum áfram samskipti við þig ótengt markaðssetningu þegar við þurfum að senda þér upplýsingar um Contour-forritið, Contour Cloud-reikninginn þinn, framkvæma aðgerðir til úrbóta eða senda öryggistilkynningar. Við gætum sent þér upplýsingar í gegnum tilkynningar, áminningar eða viðvaranir í Contour-forritinu til að upplýsa þig um nýja þróun. Þú getur stjórnað upplýsingaboðum í stillingum fartækisins.

Deiling persónuupplýsinga

Við seljum hvorki né leigjum persónuupplýsingarnar þínar. Ascensia kann að deila upplýsingunum þínum með:

- þriðju aðilum sem þú óskar eftir að við deilum upplýsingunum þínum með,
- útibúi Ascensia á þínu svæði og Ascensia Diabetes Care US Inc. í tilgangi sem er í samræmi við þessa persónuverndarstefnu. Upplýsingar um útibú Ascensia á þínu svæði er að finna á vefsvæði okkar, <http://diabetes.ascensia.com/en/contact-us>,
- þjónustuveitendum sem taka þátt í þróun, ráðstöfun, úrræðaleit eða lagfæringum tengdum stuðningi við, prófunum og viðhaldi á Contour-forritinu, Contour Cloud-þjónustu eða þjónustu sem boðið er upp á í Contour-forritinu, sem vinna úr upplýsingum í samræmi við fyrirmæli okkar, persónuverndarstefnuna og aðrar viðeigandi trúnaðar- og öryggisráðstafanir,
- dreifingaraðilum okkar, ef þú býrð í landi þar sem við notumst við dreifingaraðila,
- völdum samstarfsaðilum okkar ef þú hefur valið að taka þátt í könnunum, keppnum, viðhorfshópum eða öðrum markaðstengdum aðgerðum í tengslum við notkun þína á vörum okkar og þjónustu. Þriðju aðilar nota upplýsingar frá okkur, sem og upplýsingar sem þú veitir við skráningu, beiðni eða þátttöku, í því skyni að (i) tilkynna þér ef þú hefur unnið til verðlauna í keppni eða happdrætti og (ii) verða að eða auðvelda að hægt sé að verða að beiðni um vörur eða þjónustu í tengslum við skráningu, beiðni eða þátttöku. Þriðju aðilar eru samningsbundnir til að gæta trúnaðar allra slíkra upplýsinga og er aðeins heimilt að nota þær í þeim tilgangi sem þær voru veittar í, eða
- mögulegum seljanda eða kaupanda við sölu eða kaup á rekstri eða eignum Ascensia svo kaupandi geti áfram veitt þér upplýsingar og þjónustu.

Við deilum persónuupplýsingunum þínum hugsanlega með dreifingaraðilum, samstarfsaðilum eða þjónustuveitendum, þ.m.t. í markaðslegum tilgangi eða ef þú hefur valið að deila persónuupplýsingum í gegnum eiginleika og virkni sem boðið er upp á í Contour-forritinu. Við deilum eingöngu persónuupplýsingum með þriðju aðilum í þeim tilgangi að veita, viðhalda, hýsa og styðja við Contour-forritið og Contour Cloud-reikninga.

Við birtum persónuupplýsingarnar þínar hugsanlega þegar þess er krafist til að bregðast við beiðnum frá opinberum yfirvöldum eða samkvæmt lögum, þ.m.t. í þjóðaröryggisskyni. Sé þess krafist samkvæmt lögum kunnum við einnig að birta persónuupplýsingarnar þínar ef það telst nauðsynlegt til að framfylgja eða beita notandaleyfissamningnum, persónuverndarstefnunni eða öðrum samningum, til að rannsaka eða vernda réttindi, eignir eða öryggi Ascensia og fyrirtækja innan samstæðunnar, vörur okkar og þjónustu, viðskiptavinum, dreifingar- eða samstarfsaðila, eða til að koma í veg fyrir eða grípa til aðgerða vegna ólöglegs athæfis eða svika, aðstæðna sem fela í sér mögulega ógn gagnvart öryggi einstaklings eða sem gögn í málsókn. Persónuupplýsingarnar þínar kunna að falla undir erlend lög og geta orðið aðgengilegar erlendum stjórnvöldum, dómstólum, löggæsluyfirvöldum og eftirlitsstofnunum.

Að nota Contour-forritið til að senda skýrslur

Contour-forritið getur gert þér kleift að útbúa blóðsykursskýrslu út frá upplýsingunum sem eru vistaðar á Contour Cloud-reikningnum þínum. Þú getur notað Contour-forritið til að senda skýrslur með tölvupósti til utanaðkomandi aðila, t.d. lækni, heilbrigðisstarfsmanns eða annars aðila að eigin vali. Ef þú kýst að deila persónuupplýsingunum þínum skaltu gæta varúðar og ganga úr skugga um að þeim sé ekki deilt með fleirum.

Hafðu í huga að deiling persónuupplýsinganna þinna er alfarið á þína ábyrgð og Ascensia ber ekki ábyrgð á öryggi eða vernd þeirra upplýsinga sem þú kýst að senda til annarra í gegnum Contour-forritið. Hafðu í huga að það er áhætta fólgin í því að deila upplýsingum á internetinu, t.d. geta utanaðkomandi aðilar komist yfir þær í leyfisleysi. Við mælum með að þú gætir ýtrustu varúðar þegar þú ákveður hverjum þú deilir persónuupplýsingum með.

Mín mynstur

Contour-forritið getur gert þér kleift að fá upplýsingar um ýmis blóðsykursmynstur og tölfræði sem hjálpar þér að hafa betri stjórn á sykursýkinni. Þessi mynstur tengjast háu og/eða lágu blóðsykursmagni í samræmi við tíma dags, máltíðir eða vikudaga. Virknin „Mín mynstur“ greinir mynstur í blóðsykursmælingunum þínum og getur lagt til breytingar til að bæta tíma eða tíðni mælinga.

Með þessari virkni er hægt að stilla áminningar um mælingar eða endurmælingar á blóðsykursmagni í Contour-forritinu eða smella á tengla á gagnlegar upplýsingar svo þú getir haft betri stjórn á sykursýkinni.

Tengingar við forrit þriðju aðila

Contour-forritið getur gert þér kleift að tengjast snjallforritum þriðju aðila („Forrit þriðja aðila“). Ef þú kýst að tengjast forriti þriðja aðila verður þú beðin(n) um samþykki fyrir deilingu persónuupplýsinga sem vistaðar eru á Cloud-reikningnum þínum, sem kunna að vera heilsutengdar upplýsingar. Persónuupplýsingunum þínum verður aðeins deilt með forriti þriðja aðila ef þú óskar eftir tengingu við það. Umfang þeirra persónuupplýsinga sem deilt er með þriðja aðila er mismunandi eftir forritum þriðju aðila og vali þínu og geta m.a. verið gildi úr blóðsykursmælingum, dagsetningar og tími mælinga, marksvið blóðsykurs eftir máltíðir, tegund máltíðar, notandavirkni, lyfjagjöf og hvort mæling hafi verið gerð handvirkt eða með mæli.

Lista yfir forrit þriðju aðila sem þér býðst að tengjast sjálf(ur) er að finna í „Stillingar > Tengingar við forrit“. Virknin „Tengingar við forrit“ sýnir forrit þriðju aðila sem þú hefur kosið að tengjast ásamt forritum þriðju aðila sem þú getur valið að tengjast. Þú getur afturkallað samþykki þitt fyrir deilingu persónuupplýsinga með forriti þriðja aðila hvenær sem er með því að smella á táknið fyrir tengt forrit þriðja aðila og velja að aftengjast.

Hafðu í huga að ef þú kýst að tengjast forriti þriðja aðila verður unnið úr persónuupplýsingum sem þú deilir í samræmi við skilmála persónuverndarstefnu viðkomandi þriðja aðila.

Ascensia ber enga ábyrgð né skaðabótaskyldu vegna þessara reglna. Kynntu þér þessar reglur áður en þú tengist forriti þriðja aðila.

Varðveisla og flutningur persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar á Contour Cloud-reikningnum þínum eru geymdar og unnið er úr þeim á netþjónum sem eru staðsettir í svæðisbundinni aðstöðu okkar, sem kann að fela í sér að þjónustuveitandi okkar hýsi upplýsingar. Ef þú býrð í landi þar sem lög um staðsetningu gagna gilda eru persónuupplýsingar þínar geymdar á netþjónum sem eru staðsettir í þínu landi í umsjá skýjaþjónustuveitanda okkar sem er gagnavinnsluaðili fyrir hýsingu Contour Cloud-reikninga. Við leitumst að öðru leyti við að geyma persónuupplýsingarnar þínar innan þíns svæðis. Það þýðir til dæmis að gögn evrópskra notenda eru geymd í Frakklandi og gögn bandarískra notenda eru geymd í Bandaríkjunum. Takmarkaðar ástæður eru fyrir því að gögnin þín eru flutt út fyrir svæðisbundna aðstöðu:

- Þegar við útbúum tölfræðiupplýsingar úr gögnum notenda fyrir skýrslur með verkfærum samstarfsaðila, t.d. í Bandaríkjunum. Ekki er hægt að bera kennsl á einstaklinga út frá þessum skýrslum.
- Til að þróa Contour-forritið og veita þér aðstoð og tækniþjónustu fyrir Contour Cloud-reikninginn þinn.

Þar sem við erum með starfsemi um allan heim eru sumir samstarfsaðilar okkar staðsettir utan þíns lands (eða þess lands sem við veitum þjónustu í), t.d. á Indlandi. Ef gagnaverndaryfirvöld telja land ekki hafa fullnægjandi vernd fyrir persónuupplýsingar grípum við til viðeigandi öryggisráðstafana til að vernda persónuupplýsingar þínar ef þær eru fluttar. Í flestum tilvikum fela ráðstafanirnar í sér viðeigandi gagnaflytningssamninga við viðtakendur upplýsinganna (svo sem föst samningsákvæði og sambærilega samninga í Bretlandi, Sviss, Kína og annars staðar).

Öryggi persónuupplýsinga

Ascensia beitir viðeigandi efnislegum, tæknilegum og stjórnumarlegum aðferðum til að gæta trúnaðar, heilleika og tiltækileika persónuupplýsinganna þinna. Við notumst við stranga verkferla og öryggisráðstafanir, þ.m.t. dulkóðun, og grípum til allra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að úrvinnsla persónuupplýsinganna þinna sé örugg og í samræmi við þessa persónuverndarstefnu.

Þú berð ábyrgð á að verjast óheimilum aðgangi að Contour Diabetes-forritinu og Contour Cloud-reikningnum þínum. Ascensia mælir með að þú notir öflugt aðgangsorð, t.d. blöndu bókstafa, talna og tákna, og notir ekki sama aðgangsorð fyrir Contour Cloud-reikninginn og þú notar fyrir aðra reikninga sem þú kannt að eiga. Þú verður að halda aðgangsorðinu að reikningnum þínum leyndu og ekki deila því með neinum. Ascensia ber ekki ábyrgð á aðgangsorðum sem hafa tapast, verið stolið eða stofnað í hættu eða aðgangi óheimilaðra notenda að Contour Cloud-reikningnum þínum ef hægt er að rekja orsökina til þín. Teljir þú að reikningi þínum hafi verið stofnað í hættu skaltu hafa samband við okkur eins fljótt og auðið er. Farðu á <http://contact.ascensia.com> til að fá samband við þjónustuver.

Vinsamlegast athugaðu að sending upplýsinga á internetinu er ekki fyllilega örugg. Þrátt fyrir að Ascensia geri sitt besta til að vernda persónuupplýsingarnar þínar getum við ekki tryggt öryggi upplýsinga sem eru sendar í Contour-forritið og allar slíkar sendingar er á þína ábyrgð.

Vafrakökur og svipuð tækni

Við kunnum að safna upplýsingum og nota rakningartækni fyrir ákveðna þjónustu og eiginleika í Contour Diabetes-forritinu til að muna hluti um þig og veita þér þannig betri upplifun.

Hér að neðan má finna upplýsingar um tæknina sem við kunnum að nota við sjálfvirka söfnun upplýsinga, hvers vegna við notum hana og valkostina sem standa þér til boða.

Notkun á vafrakökum

Vafrakökur eru lítil gagnasöfn sem eru geymd í vafranum eða tækinu þínu. Þær eru hugsaðar til að muna hvað notandi hefur áður gert á tilteknu vefsvæði, sem getur verið að skrá sig inn eða smella á tengla.

Aðilinn sem starfrækir vefsvæðið sem þú heimsækir getur stillt vafrakökur („vafrakökur fyrsta aðila“) eða önnur fyrirtæki („vafrakökur þriðja aðila“). Við notum eftirfarandi vafrakökur þar sem við á til að safna upplýsingum um samskipti þín við ákveðna þjónustu, önnur vefsvæði og forrit:

- **Nauðsynlegar vafrakökur:** Nauðsynlegar fyrir starfrækslu tiltekinna vefsvæða sem eru aðgengileg í Contour Diabetes-forritinu. Þar á meðal eru til dæmis vafrakökur sem gera þér kleift að skrá þig inn á örugg svæði vefforritsins, til að fletta á vefsvæðinu og nota eiginleika þess.
- **Greiningar- og afkastakökur:** Gera Ascensia kleift að þekkja gesti, telja fjölda gesta og sjá hvernig gestir nota ákveðin vefsvæði sem eru aðgengileg í gegnum Contour Diabetes-forritið. Þetta hjálpar okkur að bæta þessi vefsvæði, til dæmis með því að tryggja að notendur eigi auðvelt með að finna það sem þeir leita að.
- **Virknikökur:** Þessar vafrakökur þekkja þig þegar þú opnar vefforritið okkar aftur. Það gerir okkur kleift að sérsníða efni fyrir þig.

Einhverjar virknikökur eru viðvarandi og eru hugsanlega notaðar ef þú skráir þig inn á bannsvæði til að muna hver þú ert. Aðrar eru lotukökur sem eru hugsanlega notaðar fyrir nafnlausu auðkenningu við heimsókn á vefsvæði í tæknilegum tilgangi eingöngu. Lotukökur eru aðeins geymdar tímabundið á meðan á lotu stendur og er eytt um leið og vafranum er lokað.

Svona notum við þessa tækni

Við notum vafrakökur og svipaða tækni í eftirfarandi skyni:

- Til að skrá þig inn í þjónustuna sem við veitum, gera okkur kleift að birta reikningsgögnin þín, muna stillingar þínar og eftirlæti, t.d. tungumála- og svæðisval, þegar þess er þörf og til að hjálpa okkur að sérsníða upplifun þína og gæta að öryggi gagnanna þinna og þjónustunnar sem við veitum.
- Til að safna nafnlausum tölfræðiupplýsingum um hvernig gestir nota þjónustuna okkar svo við getum bætt nothæfi hennar og hvernig við miðlum efni.

Valkostir sem standa þér til boða

- Þrátt fyrir að flestir vafrar séu settir upp þannig að þeir noti vafrakökur sjálfkrafa, er hægt að hafna vafrakökum með því að virkja viðeigandi stillingar á vafranum eða í tækinu. Hafðu í huga að ef þú velur að leyfa ekki vafrakökur munu sumir eiginleikar þjónustu okkar mögulega ekki virka sem skyldi eða verða ekki tiltækir.
- Viljir þú koma í veg fyrir að gögnin þín séu notuð af Google Analytics geturðu sett upp [vafraviðbót Google til að hafna því að gögnum sé safnað](#).
- Þú getur notað sjálfseftirlitsáætlanir sem eru í boði á þínu svæði til að stjórna því hvernig fyrirtæki önnur en Google birta þér auglýsingar, s.s. [Val þitt á netinu](#) innan ESB.

Ekki rekja

Ascensia safnar hvorki persónuupplýsingum um netvirkni þína yfir lengri tíma né á vefsvæðum eða í netþjónustu þriðju aðila. Við leyfum þriðju aðilum heldur ekki að safna persónuupplýsingum um netvirkni þína yfir lengri tíma eða á vefsvæðum eða í netþjónustu annarra þegar þú notar Contour Diabetes-forritið. Við bregðumst ekki við skipunum frá vafranum þínum um að ekki megi rekja.

Gagnageymsla

Ascensia geymir persónuupplýsingarnar þínar á meðan þú ert með virkan Contour Cloud-reikning. Í kaflanum „Að eyða Contour Cloud-reikningi“ hér að neðan er því lýst hvernig þú getur eytt Contour Cloud-reikningnum þínum og hvað verður um persónuupplýsingarnar þínar þegar reikningnum hefur verið eytt.

Að eyða Contour Cloud-reikningi

Þú getur eytt Contour Cloud-reikningnum þínum með því að velja „Eyða reikningi“ í Contour-forritinu eða hafa samband við okkur. Til að fá samband við þjónustuver skaltu fara á <http://contact.ascensia.com> Hafðu í huga að ef þú eyðir reikningnum þínum munum við halda eftir uppsöfnuðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum og þurfum hugsanlega að halda eftir tilteknum persónuupplýsingum, eins og lög kveða á um. Við geymum gögn á Contour Cloud-reikningnum þínum í tvö ár frá því að þeim var hlaðið upp til að gera þér kleift að sækja og flytja slík gögn út, ef þess er þörf, í tengslum við váttryggingakröfu.

Þegar Contour Cloud-reikningnum þínum og öllum tengdum persónuupplýsingum hefur verið eytt taparðu aðgangi að reikningnum þínum og getur hugsanlega ekki endurheimt hann aftur. Því er hugsanlegt að þú getir ekki endurvirkjað Contour Cloud-reikninginn þinn eða endurheimt neinar persónuupplýsingar, þ.m.t. heilsutengdar upplýsingar. Þú kannt því að vilja sækja og vista allar nauðsynlegar upplýsingar áður en þú eyðir reikningnum eða óskar eftir því að við eyðum honum.

Ef þú eyðir reikningnum þínum og hefur áður valið að deila upplýsingum af Contour Cloud-reikningnum þínum með þriðja aðila, t.d. heilbrigðisstarfsmanni eða öðrum einstaklingi, mun viðkomandi ekki geta nálgast upplýsingarnar lengur, þ.m.t. upplýsingar um blóðsykursmælingar.

Ascensia áskilur sé rétt til að eyða Contour Cloud-reikningum sem hafa verið óvirkir lengi. Þegar Contour Cloud-reikningur er óvirkur tilkynnum við þér það fyrirfram svo þú getir tryggt að reikningurinn verði áfram virkur og þú getir haldið áfram að nota hann.

Að nýta réttindi þín

Þú getur uppfært upplýsingarnar þínar í Contour-forritinu ef þess er þörf. Ef þú getur ekki nálgast upplýsingarnar af einhverjum ástæðum geturðu sent Ascensia skriflega beiðni með því að nota samskiptaupplýsingarnar hér að neðan og tilkynnt okkur allar breytingar á (eða villur í) upplýsingunum þínum svo við getum uppfært þær fyrir þig.

Íbúar á evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða Sviss: Þú gætir átt rétt á því að: (a) fá aðgang að persónuupplýsingum sem við geymum um þig, (b) óska eftir því að við leiðréttum rangar persónuupplýsingar sem við geymum um þig, (c) óska eftir því að við eyðum persónuupplýsingum sem við geymum um þig, (d) takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig, (e) mótmæla úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig og/eða (f) fá afhentar persónuupplýsingar sem þú hefur veitt okkur á grundvelli samþykkis þíns, á skipulegu sniði sem er læsilegt algengum tölvubúnaði, eða fá þær sendar til annars fyrirtækis.

Íbúar Alþýðulýðveldisins Kína, Taívan, Hong Kong, Indónesíu, Suður-Kóreu, Malasíu og Argentínu: Þú gætir átt rétt á því að: (a) fá aðgang að persónuupplýsingum sem við geymum um þig, (b) óska eftir því að við leiðréttum rangar persónuupplýsingar sem við geymum um þig, (c) óska eftir því að við eyðum persónuupplýsingum sem við geymum um þig og/eða (d) takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga sem við geymum um þig.

Við gætum beðið um viðbótarupplýsingar til að staðfesta hver þú ert og af öryggisástæðum, áður en við afhendum þær upplýsingar sem þú hefur beðið um.

Ef þú hefur verið beðin(n) um samþykki fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga veitum við þér tækifæri til að afturkalla samþykki þitt. Þú getur til dæmis afturkallað samþykki með því að hafa samband við okkur með samskiptaupplýsingunum hér að neðan. Þú færð upplýsingar um hvernig þú afturkallar samþykki þitt í hverju tilfalli fyrir sig. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á lögmæti úrvinnslunnar á grundvelli samþykkis þíns fram að afturkölluninni. Hafðu einnig í huga að þegar þú afturkallar samþykki hættum við eingöngu að vinna úr þeim persónuupplýsingum sem tengjast samþykkinu sem þú afturkallaðir.

Ef þú vilt nýta réttindi þín í tengslum við persónuupplýsingar skaltu hafa samband við Ascensia með því að senda tölvupóst á dp_office@phcd.com eða bréfpóst á Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Við vinnum úr öllum beiðnum í samræmi við staðbundin lög sem og stefnur okkar og verklagsreglur. Ef þú ert innan EES hefurðu rétt á því að leggja fram kvörtun til eftirlitsstofnunar í þínu landi vegna úrvinnslu okkar á persónuupplýsingunum þínum.

Persónuverndarréttindi Kaliforníuríkis:

Persónuverndarupplýsingar okkar fyrir Kaliforníuríki útskýra hvernig við söfnum, notum og birtum persónuupplýsingar íbúa Kaliforníu sem falla undir persónuverndarlög fyrir neytendur í Kaliforníu, með áorðnum breytingum samkvæmt persónuverndarréttindum Kaliforníuríkis („California Privacy Rights Act“). Þessi upplýsingagjöf gildir einnig um íbúa í öðrum ríkjum Bandaríkjanna með svipuð persónuverndarlög, eftir því sem við á.

Ef þú býrð í Kaliforníu, eða tilteknum öðrum ríkjum Bandaríkjanna, með ákveðnum lagalegum undantekningum og takmörkunum, getur þú nýtt þér eftirfarandi rétt þinn í gegnum vefeyðublað okkar sem finna má á [vefsvæði](#) okkar eða með því að hringja í (800) 348-8100. [Ef þú vilt vita hvort réttindin eigi við þig skaltu hafa samband við: \[dp_office@phchd.com\]\(mailto:dp_office@phchd.com\)](#). Ef þú sendir inn beiðni í gegnum vefeyðublaðið skaltu tilgreina hvaða réttindi þú vilt nýta þér í hlutanum „Skilaboð“.

Þú gætir þurft að staðfesta hver þú ert þegar þú hefur samband við okkur til að óska eftir því að við afhendum eða eyðum persónuupplýsingum. Við verðum að staðfesta hver þú ert til að tryggja að þú sért eigandi persónuupplýsinganna sem við höfum safnað eða aðili sem hefur heimild til að leggja fram beiðni fyrir hönd eigandans. Ef þú ert beiðin(n) um að staðfesta hver þú ert gætum við beiðið þig um sönnun sem passar við upplýsingar sem Ascensia hefur, t.d. nafn, netfang, pósthfang, símanúmer og/eða kreditkortaupplýsingar, ef við höfum þær upplýsingar.

Þú getur beiðið viðurkenndan fulltrúa um að nýta réttindi þín fyrir þína hönd. Þú verður að veita viðurkenndum fulltrúa skriflegt leyfi til að nýta réttindi þín fyrir þína hönd og við verðum að geta staðfest hver þú ert líkt og lýst er hér að ofan. Ef þú ert viðurkenndur fulltrúi skaltu hafa samband við okkur í (800) 348-8100.

Réttur til að vita. Þú hefur rétt á að biðja um upplýsingar um flokka og tilteknar persónuupplýsingar sem við höfum safnað um þig, uppruna persónuupplýsinga, í hvaða tilgangi persónuupplýsingum var safnað, flokka þriðju aðila sem við höfum deilt persónuupplýsingum með og í hvaða tilgangi þeim var deilt. Þú getur flutt út upplýsingar úr Contour-forritinu í gegnum forritið líkt og lýst er í kaflanum „Mín umsjá“. Ef þú óskar eftir viðbótarupplýsingum skaltu hafa samband við okkur líkt og lýst er hér að ofan.

Réttur til að eyða. Þú hefur rétt á að biðja okkur um að eyða persónuupplýsingunum þínum.

Afþakka sölu. Við seljum ekki persónuupplýsingarnar þínar til þriðju aðila.

Þegar þú nýtir réttindi þín munum við ekki mismuna þér á neinn hátt sem skarast á við gildandi lög.

Foreldrar/forráðamenn: Ef þú ert foreldri eða forráðamaður barns sem notar þjónustu okkar skaltu lesa kaflann „Börn“ hér að neðan til að skilja og nýta þér réttindi þín.

Börn

Við söfnum hvorki né notum persónuupplýsingar einstaklinga sem við vitum að eru undir lögdaldi án þess að staðfest samþykki foreldris/forráðamanns barnsins liggja fyrir. Við beitum viðeigandi tæknilegum öryggisráðstöfunum til að koma í veg fyrir að börn skrái sig sem notanda að Contour-forritinu þar sem persónuupplýsingum kann að vera safnað. Við söfnum eingöngu upplýsingum frá börnum sem eru nauðsynlegar til að nota Contour-forritið og stofna og nota Contour Cloud-reikning. Þegar fæðingardagur notanda við nýskráningu gefur til kynna að viðkomandi sé undir lögdaldi biðjum við um netfang foreldris/forráðamanns. Foreldri/forráðamaður fær tölvupóst þar sem óskað er eftir að viðkomandi fari á vefsíðu til að samþykkja stofnun Contour Cloud-reiknings og smelli til að samþykkja þessa persónuverndarstefnu. Aðeins er hægt að stofna Contour Cloud-reikning eftir að foreldri/forráðamaður hefur gert þetta. Sé þess óskað hefur foreldri/forráðamaður rétt á að sjá upplýsingar sem barn hefur veitt og/eða krefjast þess að þeim verði eytt. Ef þú ert foreldri/forráðamaður og hefur áhyggjur af persónuupplýsingum barns í Contour-forritinu skaltu hafa samband við Ascensia með því að senda tölvupóst á privacy@ascensia.com eða bréfpóst á Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss.

Ef þú ert búsett(ur) í Bandaríkjunum og hefur spurningar um Ascensia og lög um friðhelgi einkalífs barna á netinu (Children’s Online Privacy Protection Act), geturðu einnig haft beint samband við dótturfyrirtæki okkar: Ascensia Diabetes Care US Inc., 5 Wood Hollow Rd, Parsippany, NJ 07054, Bandaríkjunum eða í síma +1 (862) 225-2902. Hafðu í huga að ef þú hefur samband við dótturfyrirtæki okkar í Bandaríkjunum skráum við þau samskipti sérstaklega.

Breytingar á persónuverndarstefnunni

Allar breytingar á þessari persónuverndarstefnu í framtíðinni verða birtar á þessari síðu og, eftir okkar geðþótta, sendar þér með tölvupósti eða með tilkynningu í Contour-forritinu

Hafa samband

Spurningar, athugasemdir og beiðnir er varða þessa persónuverndarstefnu eru vel þegnar og skulu þær berast til gagnaverndarfulltrúa á dp_office@phcd.com eða á Ascensia Diabetes Care Holdings AG, Peter Merian-Strasse 90, 4052 Basel, Sviss. Ef þú hefur samband við okkur gerum við okkar allra besta til að bregðast við þeim áhyggjum sem þú kannt að hafa vegna úrvinnslu okkar á persónuupplýsingunum þínum.